

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Málsóknarsjóð Gráa hersins.

1. gr.

*Heiti.*

Sjóðurinn heitir Málsóknarsjóður Gráa hersins.

2. gr

*Form.*

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt skipulagsskrá þessari, sem hlotið hefur staðfestingu sýslumanns samkvæmt lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnustarfsemi.

3. gr.

*Heimili og varnarþing.*

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

*Tilgangur.*

Tilgangur sjóðsins er að kosta málarekstur einstaklings eða einstaklinga gegn íslenska ríkinu fyrir dómstólum, þar sem látið verði reyna á lögmati gildandi ákvæða um skerðingar ellilífeyris og heimilisuppbótar almannatrygginga vegna annarra tekna ellilífeyristaka, og eftir atvikum önnur atriði í samskiptum ellilífeyristaka og hins opinbera.

Míðað verður við að framlög sjóðsins standi undir öllum málskostnaðinum. Gerður verði samningur milli sjóðsins og einstaklings/einstaklinga, sem hann ákveður að styðja, um nánari tilhögun málarekstrarins og greiðslu kostnaðar.

5. gr.

*Stofnendur.*

Stofnendur sjóðsins eru eftirtalin félög sem leggja fram stofnfé sem hér segir:

Félag	Kennitala	Stofnframlag, kr.
Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni	490486-3999	301.000
Félag eldri borgara í Kópavogi	431189-2759	10
Félag eldri borgara Garðabæ	440294-2439	100.000
Félag eldri borgara í Hafnarfirði	460476-0899	100.000
Félag eldri borgara Suðurnesjum	670391-1329	100.000
Félag aldraðra Mosfellsbæ og nágrenni	471102-2450	50.000
Félag eldri borgara Akranesi og nágrenni	710890-2189	10
Félag eldri borgara Borgarnesi og nágrenni	481298-2029	100.000
Félag aldraðra Borgarfjarðardölum	551298-2649	10.000
Félag eldri borgara Grundarfjarðarbæ	420398-2639	50.000
Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi	491001-3480	10
Félag eldri borgara Ísafirði	550597-2689	50.000
Félag eldri borgara Öfundarfirði	690702-2660	20.000
Félag eldri borgara Vestur-Barðastrandarsýslu	431299-2089	10
Félag eldri borgara í Húnaþingi	520202-3310	10
Félag eldri borgara Skagafirði	560198-3109	10
Félag eldri borgara Siglufirði	430998-2189	54.000
Félag aldraðra í Eyjafirði	600597-3299	10
Félag eldri borgara á Akureyri	651082-0489	75.000
Félag eldri borgara Dalvíkurbyggð	530398-2189	10
Félag eldri borgara Ólafsfirði	630394-2609	30.000
Félag eldri borgara Húsavík	621298-5349	10

Félag eldri Mývetninga	450299-3409	10
Félag eldri borgara í Óxarfjarðarhéraði	561105-1110	10.000
Félag eldri borgara Fljótsdalshéraði	451092-2009	20.000
Félag eldri borgara á Eskifirði	670396-2239	10
Félag eldri Hornfirðinga	660191-1209	10
Félag eldri borgara Selfossi	410791-2269	30.000
Félag eldri borgara í Biskupstungum	590309-1250	10
Félagið 60 plús í Laugardal	590515-2130	10
Félag eldri borgara í Ölfusi	540295-2049	50.000
Félag eldri borgara Rangárvallasýslu	670493-2109	50.000
Félag eldri borgara Vestmannaeyjum	670296-2029	10
Samtals 33 félög	Stofnframlög samtals	kr. 1.200.150

## 6. gr.

*Stofnfé og eignir.*

Stofnfé sjóðsins er 1.200.150 kr. sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 5. gr. Stofnféð er óskerðanlegt.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjóðnum.

Óheimilt er að veðsetja eignir sjóðsins. Óheimilt er að ráðstafa eignum sjóðsins í öðrum tilgangi en þeim sem greinir í 4. gr., sbr. þó 12. gr.

## 7. gr.

*Tekjur.*

Sjóðurinn stendur fyrir fjársöfnunum til málefnsins og veitir viðtöku styrkjum og öðrum framlögum. Óheimilt er að verja tekjum sjóðsins í öðrum tilgangi en segir í 4. gr.

Sjóðnum er óheimilt að taka lán.

## 8. gr.

*Stjórn.*

Fyrsta stjórn sjóðsins skal skipuð eftirtöldum þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum til þriggja ára:

Ingibjörg H. Sverrisdóttir	kt. 240347-2029	aðalmaður
Wilhelm Wessman	kt. 021042-7819	aðalmaður
Þorbjörn Guðmundsson	kt. 250949-2949	aðalmaður
Finnur Birgisson	kt. 070646-3239	varamaður
Stefanía Magnúsdóttir	kt. 290542-3839	varamaður

Að liðnum þremur árum frá stofndegi skal ráfarandi stjórn kjósa nýja stjórn þriggja aðalmanna og tveggja varamanna til næstu þriggja ára. Við kjör stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórnin getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórn sjóðsins er óháð í störfum sínum og tekur ekki við fyrir mælum frá öðrum um málefni sjóðsins, þ.m.t. frá stofnendum.

## 9. gr.

*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Boðað skal til fundar með tryggilegum hætti og hæfilegum fyrirvara. Stjórnarmaður skal tilkynna formanni um forföll og skal formaður þá boða varamann í hans stað. Formanni er skylt að boða til fundar ef meirihluti stjórnarmanna krefst þess.

Stjórnarfundur er lögmætur ef boðað hefur verið til hans í samræmi við 1. mgr. og meirihluti stjórnar sækir fund.

Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 10. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

## 11. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 12. gr.

*Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.*

Óheimilt er að breyta skipulagsskrá þessari eða sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun, sbr. þó 6. gr. laga nr. 19/1988.

Með samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins má leggja hann niður. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til að styðja við starfsemi eða verkefni, sem miða að því að auka velferð og bæta hag aldraðra, eftir vali sjóðstjórnarinnar.

## 13. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 15. október 2019,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*